



Fjölbrautaskóli Suðurlands

MYNL2VL05

Kennsluáætlun – vorönn 2024

Kennari áfangans:

Ágústa Ragnarsdóttir (ARA), agustuaragnars@fsu.is

Áfangalýsing:

Í áfanganum munu nemendur vinna ný myndverk á hluta af útilistavegg við FSU og mun skreyta vegginn í það minnsta næstu tvö árin. Þemað eru bókmenntir, sögur, ævintýri og sagnir í víðum skilningi. Verkefnið krefst góðs undirbúnings í formi hugmyndavinnu og skissugerðar. Nemendur þjálfast í hlutfalla- og reitaskölun og að vinna á afar stóran flöt. Notast er við málningu en ekki spreyp. Hver nemandi vinnur sitt verk sem einstaklingsverkefni en svo fléttast verkin saman að ákveðnu leiti í lokin. 1/3 áfangans er unnin innan húss (hugmynda- og skissuvinna), 2/3 áfangs eru útvinna (endanlegt verk sett á vegg).

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- muninum á veggjakroti og veggjalist.
- mikilvægi á góðri undirbúningsvinnu.
- mikilvægi þess að fá samþykki frá viðeigandi aðila fyrir verkum sem þessum.
- mikilvægi listar í umhverfinu.
- að verkið krefst skipulagningar, öll efni og áhöld þurfa að vera til staðar á vinnusvæðinu
- að þegar unnið er að verki utanhúss sé vinnan er háð veðri og allt eins líklegt að hún fari fram utan skólatíma
- að verk sem þetta eru komin til að vera og fyrir allra augum.

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- umræðu varðandi þema og komast að sameiginlegri niðurstöðu í uppsetningu verks.
- undirbúningsvinnubrögðum fyrir verk af þessari stærðargráðu með skissu- og hugmyndavinnu.
- mikilvægi þess að skissan sé vel unnin svo eftirleikurinn verði viðráðanlegri.
- að búa til skapalón sem og nýta sér rúðustækkun.
- að undirbúa lokavinnuna innandyra og utan með tilliti til efnis og áhalda.
- að mála endanlegt verk á viðkomandi vegg í viðunandi lokaútkomu.

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- gera sér grein fyrir því að það krefst vinnu og samtalsferlis að útvega sér vegg að vinna á.

- vinna veggjalist í góðu samstarfi við alla sem að verkinu koma.
- vinna allt frá hugmyndavinnu og að endanlegu verki.
- gera sér grein fyrir mikilvægi þess að ljúka verkinu innan áætlaðs tíma.
- að geta myndskreytt stóra fleti frá grunni án tækni á bort við t.d. skjávarpa.

Námsefni

- Fyrirlestrar, innlagnir, glærur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur. Öll verkfæri og allt efni er innifalið í efnisgjaldi sem greiðist í heimabanka.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
2-8	8. jan. - 14. feb.	- Kynning á áfanga - Hugmynda- og skissuvinna	Fullbúin skissa
9-15	19. feb. - 7. apríl	- Pása í áfanganum	
16-20	8. apríl - 8. maí	- Útvinna á vegg	Fullklárað verk

Kröfur og verkefnaskil

- Nemendur útbúa litlar möppur strax í byrjun annar fyrir skissur sínar.
- Áfanginn er próflaus símats- og leiðsagnarmatsáfangi. Í námsmati er horft til frumkvæðis, sköpunargleði, verklags, persónulegra vinnubragða, vandvirkni, frágangs, ígrundunar og rökstuðnings á endanlegri niðurstöðu, áhuga og vinnusemi og auðvitað lokaútkomu.
- **Áfanginn næst ekki nema með loknu fullnægjandi verki úti á vegg á tilsettum tíma sem á þessum tímamarki er 8. maí (veður getur spilað inn í).**
- **Fullunninni skissu í lit af tilvonandi verki skal lokið í síðast lagi 14. febrúar ásamt reitaskölunargriddi.**
- **Nemendur eiga að vinna eigin sköpun en ekki kópera verk eftir aðra þó vissulega geti verkin verið innblásin af annarra manna verkum og minni sótt í eldri verk.**
- Hugmynda- og skissuvinna er um þriðjungur áfangans - annað er tími sem er ætlaður á vegginn sjálfan. Tekin er pásá í áfanganum eftir miðjan febrúar og fram í apríl. Þá er veggurinn tekinn í áhlaupi þegar veður batnar og **VERÐA nemendur að vera tilbúnir þegar kallið kemur frá kennara að taka seinni parta og helgar þegar veður er hagstætt og láta námið ganga fyrir t.d. vinnu. Kennari getur ekki gert áætlun um það edli málsins samkvæmt. Í þessum verkhluta eru unnar upp allar þær klukkustundir þar sem pásá var í áfanganum auk þeirra kennslustunda sem eru**
- Þegar farið er að vinna í málningarvinnunni er mikilvægt að vera í fötum sem henta þannig vinnu þ.e. mega fá á sig málningu. Einnig að huga að því að það er oft mjög kalt að vinna svona úti klukkutímum saman. Klæða sig vel er grundvallaratriði!

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmáti	Vægi
Hugmynda- og skissuvinna	Áhugi og vinnusemi, tileinkun, tilraunir, sjálfstæði vinnubrögð, fullbúin og nothæf skýr skissa í lit með reitagriddi, skil á réttum tíma.	30%
Endanlegt verk á vegg	Áhugi og vinnusemi, tímanýting og mæting, tileinkun, sjálfstæð vinnubrögð, meðferð verkfæra, umgengni á útisvæði, lokaafurð, umfang lokaafurðar, lok á tilsettum tíma.	70%

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.
4. janúar 2024.